

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 535/2014, með síðari breytingum.

1. gr.

7. tölul. B-liðar 47. gr. samþykktarinnar orðast svo:

7. *Ungmennaráð*. Samkvæmt samþykkt fyrir ungmennaráð Ísafjarðarbæjar starfar ungmennaráð samkvæmt beinu lýðræði. Með því fyrirkomulagi hafa öll ungmenni möguleika á að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Ábyrgðin dreifist yfir hópinn og fleiri einstaklingar taka virkan þátt í starfi ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 16. apríl 2018.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.